

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 226/2014****2015/EES/52/18****frá 24. október 2014****um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/329/ESB frá 26. júní 2013 um reglur varðandi stofnun, stjórnun og gagnsæjan rekstur netkerfis landsbundinna yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni ⁽¹⁾.
- 2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2a (framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/52/ESB) í X. viðauka við EES-samninginn:

„2b. **32013 D 0329**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/329/ESB frá 26. júní 2013 um reglur varðandi stofnun, stjórnun og gagnsæjan rekstur netkerfis landsbundinna yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á mati á heilbrigðistækni (Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 71).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/329/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 71.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.